

Fjármálaeftirlitið

Ársreikningur 2013

Fjármálaeftirlitið
Katrínartúni 2
Reykjavík
541298-3209

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings | 3 |
| Áritun ríkisendurskoðanda..... | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 |

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um starfsemi þess gilda ennfremur lög nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlög um starfsemi á fjármálamarkaði.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um framsetningu reikningsskila stofnana sem falla undir A-hluta ríkissjóðs.


Stjórn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. 06 2014

Stjórn


Halla Sigrún Hjartardóttir
formaður.


Margrét Einarsdóttir


Arnór Sighvatsson.

Forstjóri


Unnur Gunnarsdóttir

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Fjármálaeftirlitsins

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjármálaeftirlitsins á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun 3.06 2014



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2013

| Tekjur | Skýr. | 2013 | 2012 |
|--|-------|----------------------|----------------------|
| Tekjur af eftirlitsgjaldi | 1 | 1.751.593.000 | 1.879.792.000 |
| Aðrar tekjur | 2 | 29.297.826 | 48.167.129 |
| | | <u>1.780.890.826</u> | <u>1.927.959.129</u> |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 1.339.869.676 | 1.276.171.636 |
| Úrskurðarnefndir | 4 | 21.278.690 | 18.428.252 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 5 | 100.965.814 | 93.564.420 |
| Funda- og ferðakostnaður | 6 | 41.032.765 | 34.042.802 |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta | 7 | 107.119.940 | 143.619.906 |
| Rekstur tækja og áhalda | 8 | 5.027.508 | 24.063.549 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 170.997.173 | 16.993.746 |
| Húsnæðiskostnaður | 10 | 90.479.661 | 105.684.037 |
| Tilfærslur | 11 | 137.939 | 406.054 |
| | | <u>1.876.909.166</u> | <u>1.712.974.402</u> |
| Eignakaup | 12 | 11.204.693 | 32.506.225 |
| | | <u>1.888.113.859</u> | <u>1.745.480.627</u> |
| (Rekstrarhalli)/ afgangur | | (107.223.033) | 182.478.502 |
| Fjármunatekjur | 13 | 43.796.753 | 38.202.032 |
| (Tekjuhalli) /afgangur fyrir ríkisframlag | | (63.426.280) | 220.680.534 |
| Ríkisframlag | | 0 | 68.000.000 |
| (Tekjuhalli)/ afgangur ársins | | <u>(63.426.280)</u> | <u>288.680.534</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Eignir | | | |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 59.983.797 | 168.737.534 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 3.336.317 | 6.240.125 |
| Handbært fé | | 545.066.180 | 506.049.234 |
| | | <u>608.386.294</u> | <u>681.026.893</u> |
| Eignir alls | | <u>608.386.294</u> | <u>681.026.893</u> |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 622.908.444 | 334.227.910 |
| Tekjuhalli ársins | | (63.426.280) | 288.680.534 |
| Eigið fé 15 | | <u>559.482.164</u> | <u>622.908.444</u> |
| | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ríkissjóður | 14 | 695.205 | 129.849 |
| Skammtímaskuldir | | 44.154.845 | 47.160.228 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 4.054.080 | 10.828.372 |
| Skuldir | | <u>48.904.130</u> | <u>58.118.449</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>608.386.294</u> | <u>681.026.893</u> |

Sjóðstreymi árið 2013

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|----------------------|---------------------------|------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| <i>Veltufé frá rekstri:</i> | | | |
| (Tekjuhalli)/ afgangur ársins..... | (63.426.280) | <u>288.680.534</u> | |
| Veltufé frá rekstri | (63.426.280) | <u>288.680.534</u> | |
| <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i> | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun..... | 111.657.545 | 6.492.159 | |
| Viðskiptaskuldir hækkun..... | (9.779.675) | <u>10.814.167</u> | |
| | <u>101.877.870</u> | <u>17.306.326</u> | |
| Handbært fé frá rekstri | 38.451.590 | 305.986.860 | |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i> | | | |
| Framlag ríkissjóðs, tekjur af eftirlitsgjaldi..... | 1.751.593.000 | 1.947.792.000 | |
| Greitt úr ríkissjóði..... | (1.751.027.644) | (1.951.232.608) | |
| Fjármögnunarhreyfingar | 565.356 | (3.440.608) | |
| Hækkun á handbæru fé..... | 39.016.946 | 302.546.252 | |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | 506.049.234 | 203.502.982 | |
| Handbært fé í lok ársins | 545.066.180 | 506.049.234 | |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Stofnunin innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldum aðilum og er innheimtan skráð í innheimtakerfi ríkisins. Sértekjur Fjármálaeftirlitsins eru skráðar í bókhald við greiðslu innan ársins. Í lok árs eru óinnheimtar tekjur, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færðar í rekstrarreikning og til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð þegar reikningar berast. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning sem gjöld og til skuldar í efnahagsreikningi. Stuðst er við rafrænt samþykktarferli.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjármálaeftirlitið sér sjálft um færslu bókhalds og greiðslur, innheimtu gjalda af eftirlitsskyldum aðilum og allan launaundirbúning en launakeyrslan er hjá Fjársýslu ríkisins.

Fjárheimildir og rekstur

Framlög til Fjármálaeftirlitsins byggjast á mörkuðum tekjum, þ.e. eftirlitsgjaldi. Samkvæmt fjárlögum 2013 voru markaðar tekjur áætlaðar 1.696 m.kr. Þá voru sértekjur áætlaðar 50 m.kr. og IPA framlag Evrópusambandsins 122,2 m.kr., eða samtals 1.868,2 m.kr. Gjöld vegna almenns rekstrar voru áætluð 1.868,2 m.kr. að meðtöldum 122,2 m.kr. IPA kostnaði vegna Umbótaverkefna. Fjárheimild lækkaði um 122,2 m.kr. er IPA styrkur Evrópusambandsins féll niður.

Rekstrartekjur námu í raun 1.836,7 m.kr. og rekstrargjöld 1.900,2 m.kr. Rekstrarhalli nam því 63,4 m.kr.

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Rekstur | Frávik |
|--------------------------------|-------------|-------------|--------------|------------|
| Eftirlitsgjald | (1.696.000) | (1.696.000) | (1.751.593) | 55.593 |
| Framlag úr ríkissjóði | (122.200) | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | (50.000) | (50.000) | (85.135) | 35.135 |
| Tekjur samtals | (1.868.200) | (1.746.000) | (1.836.728) | 90.728 |
| Laun og launatengd gjöld | 1.328.000 | 1.228.000 | 1.361.148 | (133.148) |
| Önnur rekstrargjöld | 530.200 | 508.000 | 527.663 | (19.663) |
| Tilfærslur | 6.700 | 6.700 | 138 | 6.562 |
| Eignakaup | 3.300 | 3.300 | 11.205 | (7.905) |
| Gjöld samtals | 1.868.200 | 1.746.000 | 1.900.154 | (154.154) |
| | 0 | 0 | 63.426 | (63.426) |

Skýringar

Sundurliðanir

1. Tekjur af eftirlitsgjaldi

Tekjur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til Fjármálaeftirlitsins lækkaði um 128,2 m.kr. á milli ára.

2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur lækkuðu samtals um 18,9 m.kr. á milli ára. Aðrar tekjur skiptast í tekjur vegna úrskurðarnefnda og ýmsar tekjur. Tekjur vegna úrskurðarnefnda jukust um 15,5% eða 2,9 milljónir króna milli ára. Ýmsar tekjur hækkuðu um 28,9 m.kr. milli ára og skýrast aðallega af þrennu. Í fyrsta lagi hækkuðu endur greiðslur starfsmanna vegna fæðis um 6,1 m.kr. Í öðru lagi tekjur af sérverkefni 5,2 m.kr. og þriðja lagi hækkun innheimtra tekna skv. gjaldskrá, s.s. vegna lýsinga og starfsleyfa. Um mitt ár 2013 voru endurgreiddar samtals 50,6 m.kr. áður innheimtar tekjur árána 2010 og 2011 vegna hæfismata og FX-lána, að undangengnu áliti Umboðsmanns Alþingis.

| | 2013 | 2012 |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tekjur vegna úrskurðarnefnda | 21.278.690 | 18.428.252 |
| Ýmsar tekjur | 58.643.614 | 29.738.877 |
| Endurgreiðsla tekna fyrri ára | (50.624.478) | 0 |
| | <u>29.297.826</u> | <u>48.167.129</u> |

3. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Laun og starfsmannakostnaður lækkaði um 63,7 m.kr. á milli ára. Stöðugildi voru 118 á árinu 2013. Laun og launatengd gjöld vegna stjórnarmanna, að fjárhæð 16,4 m.kr., eru meðtalin í framangreindum launakostnaði en þau lækka um 1,9 m.kr. milli ára eða um 11,6%. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | | |
|----------------------------|----------------------|----------------------|
| Dagvinna | 711.142.660 | 683.664.671 |
| Föst yfirvinna | 299.585.956 | 280.599.202 |
| Orlof | 10.709.259 | 6.803.580 |
| Aukagreiðslur | 40.101.852 | 42.045.883 |
| Önnur laun | 11.253.795 | 9.860.975 |
| Launatengd gjöld | 247.463.019 | 236.952.423 |
| Starfsmannakostnaður | 19.613.135 | 16.244.902 |
| | <u>1.339.869.676</u> | <u>1.276.171.636</u> |

Skýringar

4. Úrskurðarnefndir

Á árinu 2013 varð 2,9 m.kr. hækkun á kostnaði vegna úrskurðarnefnda eða 15,5%. Fjármálaeftirlitið leggur út fyrir launum nefndarmanna í Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en innheimtir kostnaðinn hjá váttryggingafélögum og fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið stendur auk þess straum af kostnaði við vistun nefndanna.

| | 2013 | 2012 |
|--|-------------------|-------------------|
| Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, 441 mál | 8.460.919 | 9.076.960 |
| Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, 107 mál | 12.817.771 | 9.351.292 |
| | <u>21.278.690</u> | <u>18.428.252</u> |

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 7,4 m.kr. á milli ára eða um 7,9% . Munar hér mest um hækkun á skrifstofuvörum um 4,9 m.kr. og á erlendu samstarfi sem hækkar um 2,2 m.kr. eða um 8,8%. Á móti kemur lækkun á afnotajöldum/leyfisgjöldum upp á 2,8 m.kr. eða um 6,8%.

| | | |
|---------------------------------|--------------------|-------------------|
| Afnotagjöld / leyfisgjöld | 40.801.104 | 43.586.915 |
| Skrifstofuvörur | 9.852.379 | 4.937.347 |
| Tímarit, blöð og bækur | 4.712.938 | 1.512.859 |
| Auglýsingar og kynningar | 3.731.479 | 4.508.552 |
| Símagjöld | 10.301.373 | 9.833.629 |
| Útgáfustarfsemi | 2.408.162 | 2.051.516 |
| Burðargjöld | 1.478.238 | 1.714.796 |
| Erlent samstarf | 27.660.543 | 25.418.806 |
| Annar kostnaður | 19.598 | 0 |
| | <u>100.965.814</u> | <u>93.564.420</u> |

6. Funda- og ferðakostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður hækkar um 7 m.kr. eða um 20,5%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af hækkun ferða- og dvalarkostnaðar erlendis sem hækkaði um 5,9 m.kr. eða um 20,6%.

| | | |
|--|-------------------|-------------------|
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 34.505.421 | 28.625.475 |
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 50.050 | 274.640 |
| Funda-, námskeiðs- og ráðstefnugjöld | 1.499.838 | 281.601 |
| Akstur | 1.288.112 | 1.110.720 |
| Annar kostnaður | 3.689.344 | 3.750.366 |
| | <u>41.032.765</u> | <u>34.042.802</u> |

Skýringar

7. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkaði um 36,5 m.kr. milli ára eða um 25,4%. Skýrist það af tvennu. Gætt hefur verið aðhalds og sérfræðingar ráðnir inn í stofnunina sem starfsmenn, sem lækkað hefur sérfræðikostnaðinn og byggir upp innri þekkingu. Þá féllu IPA styrkir Evrópusambandsins niður sem að stóru leyti byggja á utanaðkomandi sérfræðipekkingu. Vegna þeirrar frestunar Umbótaverkefna sem niðurfelling IPA styrks orsakaði er gert ráð fyrir að sérfræðikostnaður muni vaxa að nýju árið 2014 og 2015.

| | 2013 | 2012 |
|-------------------------------------|--------------------|--------------------|
| Sérfræðiþjónusta | 51.914.466 | 98.347.866 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 55.205.474 | 45.272.040 |
| | <u>107.119.940</u> | <u>143.619.906</u> |

8. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður við rekstur tækja og áhalda lækkaði um 19 m.kr. á milli ára. Sú breyting hefur orðið að nú er tölvubúnaður keyptur í stað þess að taka hann á leigu. Rekstrarsamningar kláruðust á árinu 2013.

| | | |
|--------------------------------------|------------------|-------------------|
| Rekstrarleiga tækja og búnaðar | 2.835.968 | 18.968.218 |
| Smátæki og áhöld | 2.093.570 | 3.834.503 |
| Viðgerðir og viðhald | 97.970 | 1.260.828 |
| | <u>5.027.508</u> | <u>24.063.549</u> |

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 154,0 m.kr. á milli ára. Munar hér mestu um að á árinu 2013 voru færðar niður til varúðar kröfur á fallin fjármálafyrirtæki að fjárhæð 151,9 m.kr.

| | | |
|---|--------------------|-------------------|
| Máltíðir og matvæli | 15.431.752 | 14.049.923 |
| Hreinsun og gagnaeyðing | 654.561 | 456.962 |
| Aðkeyptur akstur, flutningar og annar bifreiðakostnaður | 337.365 | 740.088 |
| Ýmis önnur þjónustugjöld og rekstrarvörur | 2.661.323 | 1.706.773 |
| Bætur | 0 | 40.000 |
| Varúðarfærsla vegna krafna á fallin fjármálafyrirtæki | 151.912.172 | 0 |
| | <u>170.997.173</u> | <u>16.993.746</u> |

Skýringar

10. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður lækkar um 15,2 m.kr. á milli ára eða 14,4%. Húsaleiga hefur hækkað um sem nemur hækkingu vísitölu neysliverðs. Annar húsnæðiskostnaður lækkar um 21,9 m.kr., en hann var að mestu einskíptiskostnaður árið 2012 við yfirfærslu í nýtt húsnæði.

| | 2013 | 2012 |
|---------------------------------------|-------------------|--------------------|
| Leigugjöld | 70.154.400 | 68.013.362 |
| Príf og sorphirða | 5.828.632 | 4.473.468 |
| Orka | 2.777.113 | 1.630.780 |
| Viðhald fasteigna | 1.701.743 | 1.562.374 |
| Öryggisgæsla | 84.003 | 122.483 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 1.214.302 | 23.124.370 |
| Sameiginlegur húsnæðiskostnaður | 8.719.468 | 6.757.200 |
| | <u>90.479.661</u> | <u>105.684.037</u> |

11. Tilfærslur

Tilfærslur eru 0,1 m.kr. og eru það styrkir til ýmissa félagssamtaka.

12. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 21,3 m.kr á milli ára, enda var kostnaður árána 2011 og 2012 að mestu einskíptiskostnaður vegna flutnings í nýtt húsnæði.

| | | |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tölvubúnaður | 8.826.066 | 13.614.186 |
| Húsgögn | 1.826.799 | 15.642.700 |
| Skrifstofubúnaður og önnur tæki | 551.828 | 3.249.339 |
| | <u>11.204.693</u> | <u>32.506.225</u> |

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|
| Vaxtatekjur | 55.837.120 | 43.456.401 |
| Fjármagnstekjuskattur | (6.906.240) | (4.471.560) |
| Vaxtagjöld | (5.134.127) | (782.809) |
| | <u>43.796.753</u> | <u>38.202.032</u> |

Skýringar

Annað

14. Staða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð er neikvæð um 0,7 m.kr. í árslok 2013 en var neikvæð um 0,1 m.kr. í árslok 2012.

15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferðir leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2013 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 559,5 m.kr. og hafði lækkað um 63,4 m.kr. milli ára eða sem nam rekstrarhalla ársins.

Höfuðstóll

| | |
|------------------------------------|--------------------|
| Höfuðstóll 1. janúar 2013 | 622.908.444 |
| Tekjuhalli | (63.426.280) |
| Höfuðstóll 31. desember 2013 | <u>559.482.164</u> |

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|-----------------------------|------------------|----------------|----------------|----------------|-------------------|
| Rekstur | | | | | |
| Rekstrartekjur | 1.836.728 | 1.971.416 | 1.709.207 | 1.292.707 | 828.213 |
| Rekstrargjöld | (1.888.950) | (1.718.299) | (1.545.620) | (1.228.011) | (1.178.629) |
| Stofnkostnaður | (11.205) | (32.506) | (72.212) | (10.582) | (7.688) |
| Tekjuafgangur | (63.426) | 220.681 | 91.375 | 54.114 | (358.104) |
| Ríkisframlag | 0 | 68.000 | 0 | 0 | 18.500 |
| (Tekjuhalli) /tekjuafgangur | <u>(63.426)</u> | <u>288.681</u> | <u>91.375</u> | <u>54.114</u> | <u>(339.604)</u> |
| Efnahagur | | | | | |
| Veltufjármunir | 608.386 | 681.027 | 384.973 | 284.720 | 321.038 |
| Eignir alls | <u>608.386</u> | <u>681.027</u> | <u>384.973</u> | <u>284.720</u> | <u>321.038</u> |
| | | | | | |
| Höfuðstóll | 559.482 | 622.908 | 334.228 | 242.853 | 188.739 |
| Skammtímaskuldir | 48.904 | 58.118 | 50.745 | 41.867 | 132.299 |
| Eigið fé og skuldir alls | <u>608.386</u> | <u>681.027</u> | <u>384.973</u> | <u>284.720</u> | <u>321.038</u> |